



Bæjarráð Akraneskaupstaðar

Akranes, 13. september 2017

PHJ

**Efni: Rekstrarniðurstaða samstæðureiknings á tímabilinu janúar til lok júní mánaðar 2017**

## A-hluti

### Rekstrarreikningur

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð og nam 315,1 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 138,8 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði nam 248,2 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 110,7 m.kr. rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði.

Helstu frávik á tekjum tímabilsins voru þær að skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs voru 14,3 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur 0,7%. Endurgreiðslur tímabilsins námu 47,8 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir endurgreiðslum að fjárhæð 29,2 m.kr. Endurgreiðslur tímabilsins voru því 18,7 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir. Endurgreiðslur eru til að mynda endurgreiðslur vegna samnings um búsetu þjónustu (11,25 m.kr.), framlög (8,8 m.kr.) og matarmiðar starfsmanna sveitarfélagsins sem erfitt getur verið að áætla. Tekjur tímabilsins voru því 41,1 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir.

Helstu frávik á gjöldum eru þau að Launagjöld án lífeyrisskuldbindinga námu 1.665,5 m.kr. og voru því 3,1% undir því er áætlanir tímabilsins gerðu ráð fyrir eða sem nam rúmum 52,4 m.kr. Í fjárhagsáætlunum A-hluta á tímabilinu er þó gert ráð fyrir gjöldum að fjárhæð 61,4 m.kr. vegna óúthlutaðra launa en það var gert vegna mögulegrar hækkunar á mótframlagi í lífeyrissjóð til LSS (Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitafélaga) annars vegar og LSR (Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins) hins vegar. Við gerð fjárhagsáætlunar var mótframlag í lífeyrissjóð LSS 12,0% og átti mögulega að hækka upp í 16,8% eða um 4,8% og mótframlag í lífeyrissjóð LSR var 11,5% og átti mögulega að hækka upp í 15,1% eða um 3,6%.

Þjónustu- og raforkukaup tímabilsins námu 514,3 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 555,6 m.kr. og voru þjónustu- og raforkukaup tímabilsins því 7,4% undir áætluðum kostnaði tímabilsins eða 41,2 m.kr.



## Akraneskaupstaður

Helstu frávík í þjónustu- og raforkukaupum tímabilsins er að finna undir NPA-þjónustu sem er 10,4 m.kr. undir áætlun, Barnavernd rúmum 3 m.kr. undir áætlun, Annar kostnaður, óráðstafað 12,6 m.kr. undir áætlun og skrifstofa sveitarfélagsins er 10,7 m.kr. undir áætlun.

Samtals voru heildargjöld tímabilsins 104,3 m.kr. undir því er áætlað var.

Fjármagnstekjur tímabilsins námu 159,3 m.kr. en áætlanir tímabilsins gerðu ráð fyrir 139,2 m.kr. Fjármagnsgjöld tímabilsins námu 92,5 m.kr. en áætlanir tímabilsins höfðu gert ráð fyrir 111 m.kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu því 66,8 m.kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir 28,2 m.kr.

Framlegðarhlutfall A-hluta (EBITDA framlegð) nam því 11,0% en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 6,3%.

### Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra fastafjármuna í lok tímabilsins nam 4.569,3 milljónum króna og eru fastafjármunir því að hækka um 10,3 milljónir króna frá árslokum 2016 eða sem nemur 0,2%.

Áhættufjármunir og langtímakröfur námu kr. 6.003,2 milljónum króna í lok tímabilsins og lækka því um 25,4 m.kr. frá árslokum 2016 eða sem nemur -0,4%.

Fastafjármunir í lok tímabilsins nema því samtals 10.572,5 m.kr. og lækka um 15,1 m.kr. frá árslokum 2016 eða sem nemur -0,1%.

Skammtímakröfur í lok tímabilsins nema 579,9 m.kr. en námu 588,8 m.kr. í árslok 2016 og lækka því um 8,9 m.kr. eða sem nemur -1,5%.

Bankainnistæður nema 1.290,3 m.kr. og hafa því hækkað um 291,6 m.kr. frá árslokum 2016.

Veltufjármunir samtals nema í lok tímabils 1.871,6 m.kr. og hækka því um 282,8 m.kr. frá árslokum 2016 eða sem nemur 17,8%.

Bókfært virði eigna í lok tímabils nema 12.444,1 m.kr. og hækka því um rúmar 267,6 m.kr. frá árslokum 2016 eða sem nemur 2,2%.

Veltufjárhlutfall A-hluta í lok tímabils nemur 2,3 og er A-hlutinn því vel hæfur til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu 12 mánuðum. Eiginfjárhlutfall A-hluta nemur 57% í lok tímabilsins. Skuldahlutfallið er því 43% í lok tímabilsins.

### Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nemur 531,1 m.kr., breytingar á skammtímalíðum nema 24,3 m.kr. og nemur handbært fé frá rekstri á tímabilinu því 555,4 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -70,5 m.kr. Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -



## Akraneskaupstaður

193,3 m.kr. en þar af er greidd lífeyrisskuldbinding fyrir 44,4 m.kr. og afborganir langtímalána nema 149,4 m.kr. Handbært fé hækkar því um 291,6 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabilsins 1.290,3 m.kr. en nam 998,7 m.kr. í árslok 2016.

### B-hluti

#### Rekstrarreikningur

Tekjur B-hluta námu samtals 462,6 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 455 m.kr. og voru því tekjur rúmum 7,6 m.kr. yfir því er áætlað var eða 1,7%.

Gjöld á sama tímabili, án afskrifta og fjármagnsliða, námu 452,3 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 449,9 m.kr. Helstu frávik á gjöldum eru tilkomin vegna frávika í launagjöldum án lífeyrisskuldbindinga sem voru 8,3 m.kr. yfir því er áætlað var, þjónustu- og orkukaupum sem var 14,6 m.kr. undir því er áætlað var sem og öðrum rekstrarkostnaði sem var 10,8 m.kr. umfram áætlun sökum viðhalds og breytinga á rými í hjúkrunarheimilinu Höfða sem ekki hafði verið gert ráð fyrir. Samtals voru gjöld því 2,5 m.kr. yfir áætlun eða sem nemur 0,55%.

Rekstrarniðurstaða B-hlutans á tímabilinu nam 11,1 m.kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir 17,7 m.kr. rekstrarhagnaði. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði nam 2,7 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 7,8 m.kr. í rekstrarhagnað.

Framlegðarhlutfall var því 2,2% á tímabilinu en áætlanir gerðu ráð fyrir 1,1%.

#### Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra fastafjármuna í lok tímabilsins nam 554,3 m.kr. og lækkar því um 12,9 m.kr. frá árslokum 2016, þar af lækkar bókfært virði fasteigna, lóða og lenda um 12,8 m.kr. Fastafjármunir í lok tímabilsins nema því samtals 554,3 m.kr. og lækka um 12,9 m.kr. frá árslokum 2016.

Skammtímakröfur í lok tímabilsins nema kr. 51,3 en námu 56,1 m.kr. í árslok 2016 og lækka því um 4,8 m.kr. Helsta breytingar eru þær að óinnheimtar tekjur lækka um 48,8 m.kr. en aðrar skammtímakröfur hækka að sama skapi um 49,2 m.kr. Veltufjármunir samtals nema í lok tímabils 137,5 m.kr. og lækka því um 12,7 m.kr. frá árslokum 2016. Bókfært virði eigna í lok tímabils nemur 691,8 m.kr. og lækkar því um 25,6 m.kr. frá árslokum 2016.

Veltufjárhlutfall B-hluta í lok tímabils nemur 0,9 og var einnig 0,9 í árslok 2016. Eiginfjárhlutfall B-hluta nemur 33,6% í lok tímabilsins en nam 33,9% í árslok 2016.

#### Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nemur 5,6 m.kr., breytingar á skammtímalíðum nema 5,3 m.kr. og nemur handbært fé frá rekstri á tímabilinu því rúmum 312 þúsundum króna.



## Akraneskaupstaður

Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu eru engar. Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -8,2 m.kr. Handbært fé lækkar því um 7,9 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabilsins 86,2 m.kr. en nam 94,1 m.kr. í árslok 2016.

### Samstæða

#### Rekstrarreikningur

Tekjur samstæðu námu 3.543,5 m.kr. á tímabilinu en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 3.494,8 m.kr. og eru tekjur því rúmum 48,7 m.kr. umfram áætlanir eða sem nemur 1,4%. Munar þar mest um skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sem eru rúmum 14,3 m.kr. umfram áætlanir (0,7%) sem og endurgreiðslur sem eru 17,9 m.kr. umfram það er áætlanir gerðu ráð fyrir eða 36,8% yfir áætlunum (sjá frekari sundurliðun í A-hluta). Jafnframt voru aðrar tekjur 16,6 m.kr. umfram áætlanir eða 2,0%.

Gjöld samstæðu, án afskrifta og fjármagnsliða, á sama tímabili námu samtals 3.195,4 m.kr. en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 3.297,3 m.kr. og eru gjöld tímabilsins því 101,9 m.kr. undir því er áætlanir gerðu ráð fyrir eða 3,1%. Þar munar mestu um launagjöld án lífeyrisskuldbindinga sem eru 44,1 m.kr. undir áætlun eða -2,2% (sjá skýringu að ofan varðandi mögulega hækkun á mótframlagi í lífeyrissjóð LSS og LSR).

Jafnframt munar talsvert um frávík í þjónustu- og orkukaupum samstæðu sem eru 55,9 m.kr. undir því er áætlanir gerðu ráð fyrir eða sem nemur -8,6%, þar af eru þjónustu- og orkukaup B-hluta í Gámu og Höfða 14,6 m.kr. undir áætlun og þjónustu- og orkukaup A hluta eru 41,3 m.kr. undir áætlun en frekari sundurliðun er að finna í úttekt á A-hluta.

Fjármagnstekjur námu 159,3 m.kr. og fjármagnsgjöld á sama tíma námu 100,9 m.kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu því 58,4 m.kr. en áætlanir tímabilsins gerðu ráð fyrir að fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld myndu nema 18,3 m.kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðu á tímabilinu nemur því 303,9 m.kr. og er framlegðarhlutfall (EBITDA framlegð) samstæðu á tímabilinu 9,8% en gert var ráð fyrir því að rekstrarniðurstaða samstæðu myndi nema 121,1 m.kr. og að framlegðarhlutfallið myndi nema 5,6%.

#### Efnahagsreikningur

Bókfært virði varanlegra fastafjármuna í lok tímabilsins nam 5.123,6 milljónum króna og lækkar því um 2,6 m.kr. frá árslokum 2016. Þar af lækka fasteignir, lóðir og lendur um 76,3 m.kr. eða sem nemur -1,7% en jákvæð eignabreyting nemur 99,9 m.kr. Bókfært virði gatnakerfis lækkar um 15,3 m.kr. og vélar, áhöld og tæki lækkar um 8,7 m.kr.



## Akraneskaupstaður

Áhættufjármunir og langtímakröfur námu kr. 5.695,1 m.kr. í lok tímabilsins og lækka því um 25,4 m.kr. frá árslokum 2016.

Fastafjármunir í lok tímabilsins nema því samtals 10.818,7 m.kr. og lækka um 28 m.kr. frá árslokum 2016.

Skammtímakröfur í lok tímabilsins nema 631,2 m.kr. en námu 644,9 m.kr. í árslok 2016 og lækka því um 13,6 m.kr. Helstu breytingar á skammtímakröfum eru þær að óinnheimtar tekjur lækka um 165,8 m.kr. en að sama skapi þá hækka aðrar skammtímakröfur um 154,2 m.kr. Handbært fé hækkar um 283,7 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabils 1.376,5 m.kr.

Veltufjármunir samtals nema í lok tímabils 2.009,1 m.kr. og hækka því um 270,1 m.kr. frá árslokum 2016. Bókfært virði eigna í lok tímabils nemur 12.827,8 m.kr. og hækkar því um 242,0 m.kr. frá árslokum 2016 eða sem nemur 1,9%.

Veltufjárhlutfall samstæðu í lok tímabils nemur 2,1 og er samstæðan því vel hæf til að inna af hendi allar nauðsynlegar greiðslur á næstu 12 mánuðum. Eiginfjárhlutfall samstæðu nemur 54,2% í lok tímabilsins og skuldahlutfall nemur 45,8%.

### Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nemur 536,7 m.kr., breytingar á skammtímalíðum nema samtals 19,1 m.kr. og nemur handbært fé frá rekstri á tímabilinu því 555,7 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -70,5 m.kr. Fjármögnunarhreyfingar á tímabilinu nema samtals -201,5 m.kr. en þar af er greidd lífeyrisskuldbinding fyrir 44,4 m.kr. og afborganir langtímalána nema 157 m.kr. Handbært fé hækkar því um 283,7 m.kr. á tímabilinu og nemur í lok tímabilsins 1.376,5 m.kr. en nam 1.092,8 m.kr. í árslok 2016.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Þorgeir Hafsteinn Jónsson

Fjármálastjóri